

Ed.

651. Frumvarp

til laga um sildarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má reisa sildarverksmiðju hér á landi, né heldur stækka sildarverksmiðju, sem fyrir er, nema að fengnu leyfi atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að sildarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Sildarverksmiðjur þær, sem rikið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum. Fjórir þeirra skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn, en atvinnumálaráðherra skipar fimmta manninn til jafnlangs tíma, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

Endurskoðendur verksmiðjanna séu tveir, og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til eins árs í senn.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu a. m. k. þrjú úr stjórninni vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Stjórn verksmiðjanna hefir á hendi yfirstjórn þeirra. Hún annast sölu afurðanna í samráði við framkvæmdarstjóra. Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnenda.

Stjórn verksmiðjanna ræður, til eins árs í senn, einn framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum.

Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið. Stjórn verksmiðjanna ákveður nánar starfsvið hans og laun með erindisbréfi.

5. gr.

Nú er ríkissjóður eigandi sildarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi sildveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

6. gr.

Verksmiðjurnar kaupa ekki sild af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

7. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjanna leita loforða íslenzkra útgerðarmanna um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiptamenn ganga fyrir viðskiptum. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verði reknar það ár.

Nú verður meira framboð á sild til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá sild til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

8. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar sildar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgunum af stofnkostnaði sildarstöðvanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð.
3. 2% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð sildarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 6. gr., má greiða eigendum með allt að 85% við afhendingu sildar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, þegar allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar, eða þá er ársreikningur er fullgerður.

9. gr.

Sildarverksmiðjunum skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af sildarmjöli, sem slík félög hafa pantað fyrir 31. ágúst ár hvert og sildarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi fyrir 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar. Félögin mega aðeins láta sildarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

10. gr.

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. apríl ár hvert. Að

Þeim tíma loknum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda atvinnumálaráðherra afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirskrifaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og landsreikningnum.

11. gr.

Verksmiðjurnar eru undanþegnar aukaútsvari og tekju- og eignarskatti.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun sildarbræðslustöðva, nr. 49 7. maí 1928, og lög um rekstur verksmiðju til bræðslu sildar, nr. 42 14. júní 1929, og lög um breytingar á þeim lögum, nr. 10 27. apríl 1932.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Kosning fjögurra manna í verksmiðjustjórn samkv. 4. gr. og kosning endurskoðenda skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar.

Fyrningargjald af dr. Pauls verksmiðju, sem nú er eign ríkisins, skal eigi reikna þau fjögur ár, sem eftir er að greiða fyrrverandi eiganda afborganir af andvirði verksmiðjunnar samkv. samningi.